



Dreifibréf

12. desember 2012  
Tilvísun: 2012030013/10.1

**Efni: Breyting á drögum að leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu (eftirlitskerfi) vörsluaðila séreignarsparnaðar og endurútgáfa leiðbeinandi tilmæla nr. 4/2011.**

Vísað er til dreifibréfs Fjármálaeftirlitsins, dags. 29. júní sl., er varðaði umræðuskjal nr. 4/2012 vegna leiðbeinandi tilmæla um áhættustýringu (eftirlitskerfi) vörsluaðila séreignarsparnaðar. Tilmælin eru byggð á grunni tilmæla nr. 4/2011 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða og stefnt er að því að samræmdar kröfur séu gerðar til allra vörsluaðila séreignarsparnaðar varðandi heildar áhættustýringu (eftirlitskerfi) þeirra.

Í kjölfar útgáfu umræðuskjalsins nr. 4/2012 bárust gagnlegar athugasemdir og ábendingar sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið afstöðu til.

Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið í framhaldi af því að endurútgefa leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2011 um áhættustýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða og gera breytingar til samræmis við leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu (eftirlitskerfi) vörsluaðila séreignarsparnaðar með hliðsjón af þeim athugasemdum og ábendingum sem bárust.

Í ljósi þess að um endurútgefin leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2011 er að ræða, og að teknu tilliti til þess að aðlögunartíma við innleiðingu á þeim er lokið, er nú óskað eftir umsögn um meðfylgjandi drög, sbr. umræðuskjal 14/2012, sem og lokaumsögn um drög að leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu vörsluaðila séreignarsparnaðar, sbr. umræðuskjal nr. 4/2012.

Athygli er vakin á því að ekki hafa verið gerðar íþyngjandi breytingar á nefndum tilmælum nr. 4/2011 og umræðuskjali nr. 4/2012. Með hliðsjón af framanrituðu er þess óskað að umsagnir berist eigi síðar en 2. janúar 2013.



# FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á meðfylgjandi umsagnareyðublaði. Einnig má nálgast umræðuskjölin og umsagnareyðublaðið á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsíðu meðfylgjandi umræðuskjala. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID

Rúnar Guðmundsson

Berglind Helga Jónsdóttir